

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Flugvallagjald skal vera 5 500 kr. fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, þó 2 750 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda þó ákvæði 3. gr.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Flugfélög þau, sem annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða í ríkissjóð gjald, er nemi 400 kr. á hvern farþega, er ferðast á þeim leiðum og eldri er en 12 ára. Fyrir farþega á aldrinum 2—12 ára skal greiða hálf gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þó millilént sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætlunar og hún varir ekki lengur en sex klukkustundir. Heimilt er að hækka verð farmiða sem gjaldinu nemur. Sé sú heimild notuð skal sú hækkun ósérgreind í verði miðans.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.

L Ö G

um biðlaun alþingismanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Alþingismaður, sem setið hefur á Alþingi eitt kjörtímabil eða lengur, á rétt á biðlaunum er hann hættir þingmennsku. Biðlaun skal greiða í þrjá mánuði eftir eins kjörtímabils þingsetu, en í sex mánuði eftir þingsetu í 10 ár eða lengur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda þau einnig um þá sem létu af þingmennsku við síðustu alþingiskosningar.

Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.